

Borgarráð

Efni: Kjarasamningar við tónlistarkennara

1. Nýr kjarasamningur við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT)

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) sem sendur er borgarráði til kynningar.

Gildistími: 1. september 2020 – 31. desember 2021.

Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkningar og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög á grunni lífskjarasamnings:

- september 2020 hækka laun um kr. 41.000
 - 17.000 kr. vegna lífskjarasamningshækkana 2019
 - 24.000 kr. vegna lífskjarasamningshækkana 2020
- janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000

Frá 1. september 2020 verða viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu 5 í stað 3ja áður.

Félag	Aukning kostn v. sept.-des.	Aukinn kostn. v. 2021	% v. 2020	% v. 2021
Félag Tónlistarkennara (FT)	Laun	2.602.476	12.377.631	2,4% 11,3%

Með endurskoðaðri viðræðuáætlun sem undirrituð var 10. júlí 2020 og kynnt borgarráði í sama mánuði, var samið um eingreiðslu á grunni lífskjarasamnings sem gildi til og með 31. ágúst 2020.

2. Nýr kjarasamningur við Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH)

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Félag grunnskólakennara sem sendur er borgarráði til kynningar.

Gildistími: 1. janúar 2021 – 31. desember 2021.

Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkningar og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög á grunni lífskjarasamnings:

- janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000

Frá 1. september 2020 verða viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu 5 í stað 3ja áður.

Félag	Aukinn kostn. v. 2021	% v. 2020	% v. 2021
Félag íslenskra Hljómlistarmanna (FÍH)	Laun	22.468.428	12,1%

Nýr kjarasamningur við FÍH tekur við af kjarasamningi sem undirritaður var 10. júlí 2020 og kynntur borgarráði í sama mánuði, þar sem um skammtímasamning var að ræða á grunni lífskjarasamnings sem gildi frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.



Með nýjum kjarasamningum FT og FÍH sem taka við 1. janúar 2022 er horft til þess að grunnlaun hækki til samræmis við lífskjarasamning sem gildi til marsloka 2023 en að jafnframt verði launatöflur innan KÍ samræmdar. Þannig taki starfsreynsla við af lífaldri í launamyndun en samningsaðilar setji samhliða viðmið um hvernig kennsluferill skuli metinn.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Nýr kjarasamningur Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, undirritaður 9. desember 2020

Nýr kjarasamningur Félags íslenskra hljómlistarmanna, undirritaður 15. desember 2020